

Skóla- og foreldraráð Árskógarskóla

Fyrsti fundur 6. desember 2012

Á fundinn mættu:

Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson, skólastjóri
Helga Ester Snorradóttir, fulltrúi grunnskólakennara
Gerður Olofsson, fulltrúi leikskólakennara
Linda Geirdal, fulltrúi annars starfsfólks
Amanda Guðrún Bjarnadóttir, fulltrúi nemenda
Inga Rut Pétursdóttir, fulltrúi barna á leikskólaaldri og fulltrúi grenndarsamfélagsins
Ólafur Pálmi Agnarsson, fulltrúi barna á grunnskólaaldri

Í upphafi fundar kynnti Gunnþór fyrir okkur hlutverk skóla- og foreldraráðs, hver tilgangur ráðsins er og þá fulltrúa sem nú sitja. Rætt var um hvort einstaklingar sætu í ráðinu í eitt eða tvö ár í senn og varð niðurstaðan á þá leið að allir fulltrúar eru kostnir til tveggja ára. Þó er að sjálfsögðu sá möguleiki fyrir hendi að einstaklingur segi sig úr skólaráði innan tveggja ára, óski hann eftir því en auk þess getur fólk boðið sig fram til áframhaldandi setu í ráðinu að tveimur árum liðnum.

Ákveðið var að funda 3x á hverju skólaári með u.þ.b. 4 mánaða millibili.

Allir fulltrúar ráðsins bera ábyrgð á því að koma málefnum er varða skóla- og foreldraráð á framfæri á fundunum.

Gunnþór fór yfir þær áætlanir sem skólinn vinnur að en flestar eru enn í vinnslu og misjafnlega langt á veg komnar. Hann fór yfir starfsáætlun Árskógarskóla en áætlunin hefur nú þegar farið í gegnum fræðsluráð og þar samþykkt. Rætt var um hlutverk skólans samkvæmt lögum og farið yfir helstu verkefni sem unnið er að þessa stundina.

Meðal þeirra verkefna sem skólinn mun leggja áherslu á árið 2013 er;

- innleiða enn betur Uppbyggingastefnuna í starfi skólans en Hanna Gerður, leikskólakennari mun þar fara fremst í flokki og sjá um útfærslu stefnunnar m.t.t. starfsemi skólans
- Töfraheimur stærðfræðinnar verður gerður virkur en nú þegar höfum við Dóru Reimars, fulltrúa töfraheimsins hjá okkur í skólanum 1x í mánuði
- Við ætlum okkur að viðhalda Grænfánanum, komin er af stað grænfánanefnd/umhverfisnefnd innan skólans og er hlutverk hennar að sjá um þau mál er tengjast skóla á grænni grein
- Unnið verður með Byrjendalæsi hjá yngstu nemendum skólans
- Virkjum útikennsluna og finnum nýjar leiðir í þeim efnum
- Í starfsáætlun skólans kemur fram að við ætlum okkur að innleiða nýja Aðalnámskrá á næsta ári og Gunnþór kom inn á mikilvægi þess að fyrsta útgáfa af skólanámskrá Árskógarskóla verði klár næsta vor.

Gunnþór sýndi okkur þá vinnu sem nú þegar hefur verið unnin við gerð skólanámskrárinnar, hvar sú vinna er stödd í dag og hvert innihald námskrárinnar á að verða þegar hún verður full mótuð.

Það kom fyrirspurn frá Ingu Rut hvort skólinn ætlaði að kaupa fánastöng m.a. v/ Grænfána. Ein fánastöng stendur nú þegar fyrir framan skólann og ný stöng verður sett upp samhliða lóðaframkvæmdum 2013.

Umræða um tækjakaup og útbúnað og hvernig skólinn standi varðandi tæki og tól. Gunnþór greindi frá því að 3 milljónir hafi verið settar í stofnkostnað í haust og af því séu 2,6 milljónir farnar. Á næstu dögum verða keyptir 2-3 ípad fyrir nemendur og verða þeir greiddir með þeim peningum sem nú eru afgangi.

Á næsta ári eru 3 milljónir ætlaðar til innkaupa og á fundinum var farið yfir þann innkaupalista sem nú þegar er kominn.

Þá eru 5 milljónir eyrnamerkta til lóðaframkvæmda og spurning hvernig best sé að hefja þá framkvæmd, hvað sett verði í forgang og hversu mikið sé hægt að gera fyrir þessa upphæð á næsta ári.

Gunnþór sýndi okkur fjárhagsáætlun Dalvíkurbyggðar í þessu sambandi.

Óli kom með þá spurningu hvort rétt væri að skólaráð sendi bænum bréf v/framkvæmda á lóð skólans og lagði áherslu á mikilvægi þess að það mál kæmist í einhvern farveg.

Ekki var tekin ákvörðun um bréfaskriftir á fundinum en e.t.v. þarf eitthvert okkar að taka þátt í starfshóp á vegum bæjarins varðandi lóðaframkvæmdir næstu ára.

Óli kom kom af stað umræðu varðandi nýtingu Leikbæjar og lagði fram þá hugmynd að húsnæðið yrði nýtt sem nokkurs konar félagsmiðstöð fyrir unglíngana. Amanda tók virkan þátt í þessari umræðu, fannst hugmyndin góð og ræddi um möguleika á því að nemendur hefðu eitthvað um málið að segja. Við lögðum til að nemendur skrifuðu bæjaryfirvöldum bréf þess efnis en komum enn fremur inn á stefnu bæjarins er að koma húsnæðinu í sölufurli eða leigu.

Heimasíða skólans var skoðuð lauslega og farið yfir þá þætti sem nú þegar eru komnir þar inn.

Næsti fundur skóla- og foreldraráðs verður ??? og þá eiga allir fulltrúar að vera búnir að lesa skólareglur Árskógarskóla. Fleiri efni fyrir næsta fund ekki ákveðin en fundarboð verður sent til okkar og lesefni ef eitthvað verður.

Fundarritari

Gerður Olofsson